



Ársskýrsla 2018



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



Um ársskýrsluna

Maí 2019

Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks
Ritstjórn og ábyrgð: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson
Prentun: Oddi



Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, SA, hætti í apríl

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Ólafur Finnbogason, SA, hætti í október

Sara Dögg Svanhildardóttir, SA, hóf setu í september

Teitur Lárusson, VR, formaður

Varamenn:

Björg Ársælsdóttir, SA

Gils Einarsson, LÍV

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, VR

Hannes Sigurðsson, SA

Starfsmenn sjóðsins voru:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Selma Kristjánsdóttir

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var

Sigríður H. Sveinsdóttir, KPMG.

Tíu stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna og styrkja aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Sjóðurinn veitir einnig styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms og raunfærnimats fyrir greinarnar.
4. Að hvetja félagsmenn til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Hækkun einstaklings- og fyrirtækjastyrkja tók gildi 1. janúar 2018, en þá varð hækkun á hámarksstyrk sem nemur nú allt að 130.000 kr. á ári bæði til fyrirtækja og einstaklinga. Þá varð styrkur 90% af reikningi vegna náms, starfstengdra námskeiða og ráðstefna í stað 75%. Uppsafnaður styrkur hækkaði í 390.000 kr. að hámarki. Hækkun var einnig á tómstundastyrki, eða 50%, að hámarki 30.000 kr. á ári og ferðastyrkur 50%, að hámarki 40.000 kr. á ári. Hægt er að nýta ferðastyrk einnig í uppsöfnun og reiknast uppsafnaður ferðastyrkur til þeirra sem rétt eiga á slíku. Uppsafnaður ferðastyrkur yrði að hámarki 50% af ferðakostnaði, að hámarki 120.000 kr.

Hækkun styrks og hlutfalls af endurgreiðslu hafði þau áhrif að upphæð útgreiddra einstaklingsstyrkja 2018 varð 650.791.522 kr. á móti 407.947.956 kr. árið 2017 og jókst útgreiðsla á þeim styrkjum um tæp 60% og fjölgun einstaklinga sem sóttu um styrk jókst um 11,2% á milli ára.

Áhrif hækkunarinnar á útgreiðslu og fjölda umsókna í fyrirtækjastyrkjum voru ekki jafn umfangsmikil og í einstaklingsstyrkjum. Upphæð fyrirtækjastyrkja hækkaði um 4%, en umsóknum fjölgaði um 6%

Þetta var fyrsta heila almanaksárið þar sem í boði var að sækja um sameiginlegan styrk fyrirtækis og einstaklings. 30 fyrirtæki og einstaklingar nýttu sér þá nýjung.

Önnur verkefni á árinu

- Áhersla var lögð á kynningarmál árið 2018. Sjóðurinn var sýnilegur á samfélagsmiðlum sem voru nýttir til þess að hvetja sjóðsfélaga til þess að sækja um styrki í sjóðinn og nýta rétt sinn.
- Unnið var að myndabanka sjóðsins og teknar myndir af sjóðsfélögum í störfum sínum frá sex ólíkum fyrirtækjum.
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar – samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu.
- Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. Fyrstu hópar í náminu fengu sérstaka niðurgreiðslu á náminu frá SVS sem hugsuð var til að hvetja þátttakendur til skráningar í námið.
- Menntagátt – þróun fagnáms í námið á framhaldsskólastigi.


- Samþykkt að stéttarfélög gætu sótt sérstaka styrki vegna fræðslu til félagsmanna sinna.
- Sameiginlegur styrkur fyrirtækis og einstaklings innleiddur.
- SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar sem er vefgátt starfsmenntasjóða á almenna markaðinum. Á vef Áttarinnar geta fyrirtæki sótt um styrk til margra sjóða á sama tíma með einni umsókn.
- Áfram var unnið að því að setja á fót miðlægan gagnagrunn fyrir stéttarfélögin innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna vegna sjóðsins.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru 725.035.509 kr. árið 2018 en úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru 733.397.635 kr. og eru því greiddir styrkir úr sjóðnum umfram iðgjöld að upphæð 8.362.126 kr. Sjá myndir 1 og 2.

Iðgjöld og styrkir


Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 1



Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 11 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verzlunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja sinna félagsmanna.

AFL Starfsgreinafélag

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)

Framsýn stéttarfélag

Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)

Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)

Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Verslunarmannafélag Suðurnesja (VS)

VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 11 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla styrkja í ársreikningi nam 733.397.635 kr.


Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 7.902 árið 2018 og jókst fjöldi einstaklinga um 11% frá árinu áður, en þá fengu 7.102 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3. Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Á árinu sóttu 584 félagsmenn um og fengu 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 390.000 kr.á árinu 2018. Árið 2017 voru það 445 sem nýtti sér uppsafnaðan rétt.

Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2018 var 65.710 kr. og eykst um 35% á milli ára, en meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2017 var 48.675 kr. Sjá mynd 4.

Sjá má meðalupphæð styrkja eftir félögum á mynd 5.


Fjöldi einstaklinga

Mynd 3




Meðalupphæð styrkja til einstaklinga

Mynd 4



Meðalupphæð eftir félögum


Mynd 5



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Heildarupphæð styrkja

Mynd 6




Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2018 var 650.791.522 kr. á móti 407.947.956 kr. 2017 og jókst útgreiðsla á styrkjum um tæp 60% á milli ára. Ástæðan fyrir aukningunni er hækkun styrkja sem tók gildi 1. janúar 2018. Sjá mynd 6.

Sundurliðun á heildarupphæð greiddra styrkja milli LÍV-félaga utan VR má sjá á mynd 7. Heildarupphæð greiddra styrkja hjá VR var 588.454.760 kr.

Á mynd 8 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2016, 2017 og 2018. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára er sá hópur sem hefur fengið úthlutað hæstu meðalupphæðinni. Meðalupphæð hjá aldurshópnum 45-54 ára hefur aukist mest af öllum aldurshópnum eða um 47%. Sjá mynd 8.

Heildarupphæð greiddra styrkja LÍV-félaga utan VR

Mynd 7




Flestar umsóknir koma frá yngsta hópnum undir 25 ára eins og árin á undan, en hópurinn 25-34 ára fylgir fast á eftir og er nánast með jafn margar umsóknir. Þær hafa aukist um 38% hjá þeim hópi en um 32% hjá hópnum 45-54 ára sem er næst mesta aukning í fjölda umsókna eftir aldri 2018. Sjá mynd 9.

Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar eru konur engu að síður virkari að sækja um styrki úr sjóðnum; því skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn. Þessar tölur eru nánast óbreyttar á milli ára.

Konur eru duglegri að sækja í sjóðinn en karlar. Þó sækja fleiri karlar um styrk 2018 en 2017 í hópnum 45-54 ára og fer fjöldinn af heild úr 21% í 26%. Í hópi 55 ára og eldri hækkar hlutdeild karla úr 19% í 23%. Sjá mynd 10.

Meðalupphæð eftir aldri

Mynd 8




Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Meiri hluti greiddra einstaklingsstyrkja eða tæplega 96% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis.

Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 43% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunn- og meistaranám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi. 15% styrkja er vegna framhaldsskólanáms. Í öðrum flokkum, þar sem nám er ekki metið til eininga, verður námið að tengjast starfi eða starfsþróun sjóðsfélaga. Flokkunin er nánast óbreytt frá árinu 2017.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Fjöldi styrkja eftir aldri

Mynd 9




Hlutdeild kynja eftir aldri

Mynd 10




Skipting styrkja 2018

Mynd 11



Starfstengdur styrkur – tegund náms

Mynd 12



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ voru samanlagt rúmlega 51 milljón krónur og er hlutfall þeirra 7% af heildarstyrkjum sjóðsins, en var 10% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði um rúmlega 4 milljónir milli ára eða um 9%.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2018 fengu sem nemur 27.628.166 kr. í afslátt. Þar sem sú tala kemur hvorki inn né út í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja.

Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 8.000 sjóðsfélaga sem er sami fjöldi og árið áður. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsmanna sést á mynd 13.


Á mynd 14 má sjá að alls voru veittir 607 styrkir til fyrirtækja á árinu, sem er 6% aukning frá árinu á undan.

Af þeim 607 styrkjum til fyrirtækja voru 563 styrkir sérstaklega veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds, en það er 6% aukning frá fyrra ári. Sjá mynd 15.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 22 og fækkaði um eitt frá árinu áður. Sjá mynd 16. Stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar með heimsóknum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlið. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt um 41 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu tæplega 14 milljónir og er afsláttur þeirra því tæplega 28 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækkuðu á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkuðu gildir.

Tuttugu ný fyrirtæki bættust í hóp þeirra fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“. En þau voru alls 22 á árinu 2018. Fyrirtæki í ferðabjónustu voru áberandi mörg umsækjenda þetta árið „Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslustjóra innan Samtaka atvinnulífsins sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu


Heildarfjöldi starfsmanna á bak við styrki Mynd 13



Samtals styrkir til fyrirtækja Mynd 14




Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 15




Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi



Fræðslustjóri að láni

Mynd 17



Dreifing styrkja eftir atvinnugreinum

Mynd 18

Atvinnugrein	Fjöldi
Umönnun á dvalarheimilum og félagsþjónusta án dvalar á stofnun	1
Fasteignaviðskipti	4
Fræðslustarfsemi	8
Landbúnaður	8
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	32
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	48
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	145
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	232
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	326
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	350
Rekstur gististaða og veitingarekstur	381
Upplýsingar og fjarskipti	468
Framleiðsla	636
Flutningur og geymsla	734
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	1.493
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	3.177

Hlutfall styrkja eftir atvinnugreinum

Mynd 19

Atvinnugrein	Hlutfall
Fasteignaviðskipti	1%
Fræðslustarfsemi	2%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	4%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	4%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	8%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	11%
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	12%
Upplýsingar og fjarskipti	13%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	13%
Framleiðsla	16%
Heild- og smásöluverslun, viðg. á ökutækjum	16%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	21%
Flutningar og geymsla	26%
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	34%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	42%

við stjórnendur og starfsfólk. Jafnframt vinnur hann að mótun fræðsluáætlunar til eins eða tveggja ára í senn. Í lok verkefnis er farið yfir möguleika fyrirtækja varðandi styrkveitingar frá starfsmenntasjóðunum enda lagt upp með að fyrirtæki sækji um styrki í sjóðinn þegar fræðsluáætlun er framfylgt.

Á mynd 18 má sjá dreifingu styrkja til fyrirtækja eftir atvinnugreinum að teknu tilliti til fjölda félagsmanna VR í greininni. Myndin sýnir fjölda einstaklinga sem eru á bak við fyrirtækjastyrki og undir hvaða atvinnugreinir þeir falla. Styrkirnir sem um ræðir eru stakir fyrirtækjastyrkir, og „Fræðslustjóri að láni“ verkefni. Að auki er fjöldi þeirra starfsmanna sem starfar í þeim fyrirtækjum sem eru á lækkuðu iðgjaldi tekinn hér með.

Á mynd 19 má sjá röð atvinnugreina eftir hlutfalli starfsmanna innan greinarinnar sem fá styrk (fyrirtækjastyrk) í greininni og er miðað við heildarfjölda félagsmanna VR í viðkomandi atvinnugrein. Hér má sjá að í atvinnugreininni heild- og smásöluverslun hafa 16% félagsmanna VR fengið styrk en 42% í atvinnugreininni leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Í þeirri síðarnefndu er t.d. að finna fyrirtæki í ferðaþjónustu og ber á aukningu styrkja til fyrirtækja í þeirri starfsgrein.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins



Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun, hafa yfirfærslugildi og nýtast þannig starfsgreinum sem tilheyra sjóðnum. Við mat á verkefnum tekur stjórn SVS mið af markmiðum sjóðsins ásamt því að hafa að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði af námi og náms-efni sem svarar þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Nánari skilgreining á skilmálum er að finna á vef sjóðsins.

Árið 2018 voru eftirfarandi verkefni styrkt:

- Gerð námsbrautar við Lýðháskólann á Flateyri.
- Þróun og kynning á námsbraut um þjónustu og stafræna hæfni á vegum SVÞ og Tækniskólans.
- Gerð námskrár samfélagstúlka á vegum Mímis.

Menntagátt

Menntagátt er þróunarverkefni um nýtt fagnám í verslun á framhaldsskólastigi sem unnið var að frumkvæði stjórnar SVS á árinu. Verkefnið var unnið í samvinnu margra aðila og kostað að mestu af Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Niðurstaðan varð 90 eininga fagnám í verslun, hluti er vinnustaðanám sem fer fram á vinnustað undir leiðsögn starfsþjálfara. Áhersla er lögð á að fagnámið verði annars vegar metið til launa og hins vegar til framhaldsskóláeininga sem nýtast til áframhaldandi náms með inngöngurétti í diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun fyrir þá sem það kjósa. Mikilvægur hluti þessarar vinnu er þróun raunfærnimats þannig að

einstaklingar með langa reynslu af störfum í verslun fái þá reynslu metna til eininga. Þessi hugmynd var rýnd í rýnihópi trúnaðarmanna, rýnihópi stjórnenda í verslun og viðbrögð við henni fengin í viðhorfskönnun sem send var út á félagsmenn VR sem starfa í verslun. Gerður var samningur við Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mími og lykilyfirtæki í greininni um að búa fagnámið til og er sú vinna hafin. Stefnt er að því að hefja fagnámið í janúar 2020. Samhliða þessu verkefni er einnig unnið að nýrri námslínu hjá Verzlunarskóla Íslands með áherslu á stafræna hæfni. Sú braut verður kennd til stúdentsprófs og verður tekið við fyrstu nemendum haustið 2019.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og skráðu sig alls 43 í námið. 21 nemandi var innritaður í námið þann 9. febrúar 2018 og á vorönn 2019 var 21 nemandi skráður í námið.

Ráðstefna um þjónustu og hæfni

Ráðstefna SVS var haldin í annað sinn þann 29. nóvember á Kaffi Nauthól. Titill hennar var „Framtíð íslenskrar verslunar – erum við tilbúin?“ 80 manns sóttu ráðstefnuna. Erindi voru m.a. frá IKEA, OR, Heimkaup, Omnom og Swedish Retail and Wholesale Council.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðis-skyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 3. apríl 2019
KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsd.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Umframráðstöfun umfram iðgjöld ársins 2018 nam 16,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 988,8 m.kr., bókfært eigið fé í árslok 949,3 m.kr. og er eiginfjárlutfall sjóðsins 96%.

Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegnar og VR og Landsambands íslenzkra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 2000.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

- Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
- Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
- Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.
- Að hvetja félagsmenn til náms.
- Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. apríl 2019

Í stjórn

Teitur Lárusson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Eiður Stefánsson
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Sara Dögg Svanhildardóttir
Björg Ársælsdóttir (varamaður)

Teitur Lárusson
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Eiður Stefánsson
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Sara Dögg Svanhildardóttir
Björg Ársælsdóttir

Rekstrarreikningur 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Iðgjöld		<u>725.035.509</u>	<u>674.348.136</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir	3	733.397.635	466.548.731
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		30.070.178	26.157.785
Innheimtukostnaður		14.835.308	13.795.979
Sérverkefni, kynningarstarf		2.231.396	636.595
		<u>780.534.517</u>	<u>507.139.090</u>
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður án fjármagnsliða			
		(55.499.008)	167.209.046
(Umframráðstöfun), hreinar tekjur til ráðstöfunar			
Fjármunatekjur	4	48.928.201	56.642.574
Fjármagnsgjöld		(13.337)	(7.135)
Fjármagnstekjuskattur		(9.593.053)	(12.004.620)
		<u>(16.177.197)</u>	<u>211.839.865</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31. 12. 2018	31. 12. 2017
Verðbréfasafn	6	901.352.997	826.069.771
Óinnheimt iðgjöld	5	60.304.740	52.385.116
Aðrar skammtímakröfur		2.003.001	1.500.000
Handbært fé		25.143.997	106.114.535
Eignir		<u>988.804.735</u>	<u>986.069.422</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	<u>949.320.797</u>	<u>965.497.994</u>
Skuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	8	24.809.199	18.304.222
Ógreiddir styrkir	9	2.543.436	0
Aðrar skammtímaskuldir		12.131.303	2.267.206
		<u>39.483.938</u>	<u>20.571.428</u>
Eigið fé og skuldir		<u>988.804.735</u>	<u>986.069.422</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Innborguð iðgjöld		717.115.885	669.791.071
Greiddir styrkir		(730.854.199)	(468.009.153)
Greiddur annar rekstrarkostnaður		(37.775.786)	(39.702.946)
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta		(51.514.100)	162.078.972
Innborgaðir vextir		3.661.228	6.966.531
Greiddir vextir		(13.337)	(7.135)
Handbært fé (til), frá rekstri		(47.866.209)	169.038.368
Fjárfestingahreyfingar			
Innborgað á verðbréfasafn	6	(33.104.329)	(222.854.589)
Lækkun handbærs fjár		(80.970.538)	(53.816.221)
Handbært fé í upphafi árs		106.114.535	159.930.756
Handbært fé í lok árs		25.143.997	106.114.535

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Reikningasskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, en flokkun í efnahagsreikningi hefur þó verið breytt og er samamburðarfjárhæðum fyrra árs breytt til samræmis við það. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringunum hér á eftir.

3. Úthlutaðir styrkir

	2018	2017
Fræðslustyrkir	651.408.572	407.947.956
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	45.542.122	34.759.213
Þróunar og sérverkefni	7.749.000	2.683.656
Styrkir - fræðslustjóri að láni	5.967.612	12.312.250
Ráðstefnur SVS	1.025.916	928.832
Diplomanám	3.518.273	7.568.824
Menntagátt - þróun	17.545.481	0
Styrkir til aðildarfélaga SVS	640.659	0
Áttin - þróun	0	348.000
	<u>733.397.635</u>	<u>466.548.731</u>

Skráning tekna

Innheimt iðgjöld eru tekjufærð sem iðgjöld ársins.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af banka-reikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur er færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu Starfsmenntasjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

4. Fjármunatekjur

	<u>2018</u>	<u>2017</u>
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	2.971.767	7.132.876
Vaxtatekjur af iðgjöldum	1.342.069	1.260.223
Vaxtatekjur af verðbréfasafni	5.847.904	5.578.172
Arður af hlutabréfaeign í verðbréfasafni	42.602	31.260
Gengishagnaður verðbréfasafns	35.211.220	40.266.910
Póknun	3.512.639	2.373.133
	<u>48.928.201</u>	<u>56.642.574</u>

5. Óinnheimt iðgjöld

	<u>31. 12. 2018</u>	<u>31. 12. 2017</u>
LIVE og VR	59.128.580	49.649.328
Vlf. Snæfellsbæjar	0	30.761
Vlf. Vestfirðinga	0	174.316
Stéttarfélagið Samstaða	0	81.233
Vmf. Skagafjarðar	0	25.657
FVSA	19.290	1.501.573
Stéttarfélag Vesturlands	0	174.249
Framsýn Stéttarfélag	375.761	206.218
AFL starfsgreinafélag	781.109	351.685
Vmf. Suðurnesja	0	190.096
	<u>60.304.740</u>	<u>52.385.116</u>

6. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign Starfsmenntasjóðsins er skráð á markaðsvirði og er í vörslu Íslandsbanka hf.

Próun verðbréfasafnsins greinist þannig innan ársins:

	<u>2018</u>	<u>2017</u>
Staða í ársbyrjun	826.069.771	556.227.195
Innborgað á verðbréfasafn	33.104.329	222.854.589
Vaxtatekjur og arður	5.890.506	5.578.172
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(2.435.468)	(1.261.489)
Verðbreyting ársins	35.211.220	40.298.171
Póknun	3.512.639	2.373.133
Staða í árslok	<u>901.352.997</u>	<u>826.069.771</u>

Skýringar

7. Eigið fé

	<u>2018</u>	<u>2017</u>
Yfirfært frá fyrra ári	965.497.994	753.658.129
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	(16.177.197)	211.839.865
Eigið fé 31.12.2018	<u>949.320.797</u>	<u>965.497.994</u>

8. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	<u>31. 12. 2018</u>	<u>31. 12. 2017</u>
Staða í ársbyrjun	18.304.222	8.987.658
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(2.435.468)	(2.688.056)
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts	8.940.445	10.340.600
Breytingar skattprósentu fjármagnstekjuskattur úr 20% í 22%	24.809.199	16.640.202
	<u>0</u>	<u>1.664.020</u>
	<u>24.809.199</u>	<u>18.304.222</u>

9. Ógreiddir styrkir

	<u>31. 12. 2018</u>	<u>31. 12. 2017</u>
Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar	21.499	0
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	367.164	0
Stéttarfélagið Samstaða	245.482	0
Verslunarmannafélag Skagafjarðar	148.191	0
Stéttarfélag Vesturlands	393.653	0
Verslunarmannafélag Suðurnesja	553.445	0
Einstaklingsstyrkir	814.002	0
	<u>2.543.436</u>	<u>0</u>

Sundurliðanir

	2018	2017
Rekstrartekjur		
Iðgjöld atvinnurekenda	580.028.395	539.508.430
Iðgjöld stéttarfélaga	145.007.114	134.839.706
	<u>725.035.509</u>	<u>674.348.136</u>
Úthlutaðir styrkir		
Fræðslustyrkir	651.408.572	407.947.956
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	45.542.122	34.759.213
Próunar og sérverkefni	7.749.000	2.683.656
Styrkir - fræðslustjóri að láni	5.967.612	12.312.250
Diplómanám	3.518.273	7.568.824
Ráðstefnur SVS	1.025.916	928.832
Áttin - þróun	0	348.000
Menntagátt - þróun	17.545.481	0
Styrkir til aðildarfélaga SVS	640.659	0
	<u>733.397.635</u>	<u>466.548.731</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Þóknun til VR	26.362.514	22.425.339
Aðkeypt sérfræðisþjónusta	0	645.048
Rekstur Áttarinnar	1.154.479	538.925
Stjórnarfundir	234.028	548.491
Ýmsir fundir	13.285	217.947
Kynningarfundir	56.800	182.441
Útgáfa og prentun	439.504	394.529
Endurskoðun og reikningsskil	420.044	461.125
Aðkeypt tölvuþjónusta	397.951	302.566
Auglýsingar	857.808	35.600
Ferðakostnaður erlendis	0	379.194
Annar kostnaður	133.765	26.580
	<u>30.070.178</u>	<u>26.157.785</u>

